


Vorferðin 14. maí n.k.



Fyrirhugað er að fara á valda staði á höfuðborgarsvæðinu til að skoða tréskurðarverk.

Einn þessara staða er Landakotskirkja sem var byggð í gotneskum stíl eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar og vígð 23. júlí 1929.

Það var í tíð Píusar páfa XI og hann gaf kirkjunni m.a. stytta af Jesú Kristi þar sem hann stendur á jarðarkringlunni. Þetta er frummyndin, skorin út í sedrusvið, því listamaðurinn, Gampanya frá Barcelona, bannaði að eftirmynd af henni yrði gerð.


Auk þess gaf Píus páfi útskorna töflu þar sem María mey heldur á Jesú syni sínum yfir hvolfpaki Péturskirkjunnar. Listaverkið var gert í borginni Bozen í Tírol.

Þá er í kirkjunni stytta af Þorláki helga, verndardýrðingi Íslendinga.

Styttan er gerð af ítölskum listamönnum, Mauro og Danilo Trisciuzzi, en fótstallurinn er útskurður Sveins Ólafssonar myndskera sem m.a. kenndi við

Iðnskólann í Reykjavík og er nýlátinn.

Safnaðarheimili Kópavogskirkju er annar staður til að skoða tréskurðarverk. Þar eru þrjú tréskurðarverk eftir Wilhelm Ernst Beckmann en fjallað var um hann í Brýninu fyrir nokkru.



Frá Vinnustund í vetur

Vinnustund hefur verið í vetur og verið vel sótt. Ljóst er að félagið muni halda áfram þessari starfsemi næsta vetur.



Handverks og sölusýning í sumar

Hótel Hvítá stendur fyrir handverks og sölusýningu 1. og 2. júlí í sumar á Iðavöllum. Sveinbjörn Magnússon (486 1300) gat þess að um væri að ræða sölubása og einnig væri möguleiki á að hafa sölubás allt sumarið. Áhugasömum er bent á að hafa beint samband við Sveinbjörn.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1 tbl. 16. árgangur 2011



Frá formanni

Samkvæmt upplýsingum í Brýninu, fyrsta tölublaði fréttabréfsins, í apríl 1996 var stofnfundur FÁT 2. mars 1996. Yfir 90 félagar gengu í félagið á stofnfundinum og þegar fréttabréfið er gefið út eru þeir að nálgast 200. Fyrsti formaður félagsins var Evert Kr. Evertsson. Meðstjórnendur: Jón Adolf Steinólfsson, Stefán H. Erlingsson, Vilhjálmur Siggeirsson og Sveinbjörn Kristjánsson.

Já, Félag áhugamanna um tréskurð fagnar 15 ára afmæli nú um þessar mundir. Ekkert stórafmæli en samt ástæða til þess að hafa vorsýningu með afmælisáherslu. Formenn félagsins í gegnum þessi 15 ár verða í forgrunni en samt er óskað eftir að allir félagsmenn leggi sýningunni lið.

Ef horft er til vetrarstarfsins er helst að staldra við vinnustundina sem er nýlunda hjá félaginu. Reynt hefur verið að hafa fast form á því eins og með opið hús. Síðasti fimmtudagur hvers mánaðar er dagsetningin, nema hátíðisdagar falli þar inn í (eins og jól og páskar). Félagar hittast milli kl. 20 og 22 og vinna í sínum skurðverkum og eiga notalega kvöldstund. Það sem af er hefur fjöldinn verið þetta frá 6 og upp í 12 sem er mjög gott því auðvitað hefur húsnæðið eitthvað að segja. Þó hafa alltaf einhverjir mætt án skurðverks en líta við og fá sér kaffi, skoða bækur og tímarit, teikningar og spjalla um sín hugðarefni.

Félag, sem er þó ekki eldra en 15 ára, þarf sífellt að skoða vettvang sinn og hugleiða hvert skal stefna, hvað má betur fara og hvort eitthvað sé í starfseminni sem má missa sig. Þetta er eins og lífið sjálft. Síðasta opna húsið var um kennslu eða þjálfun í tréskurði, kröfur og markmið, aðferðir og leiðir sem fara ætti. Þetta er mjög verðugt umfjöllunarefni og þó ekki hafi verið nein bein niðurstaða er þó ætlunin að fylgja málinu eftir með því að ræða það sérstaklega á næsta aðalfundi í nóvember.

Vorferð er núna fyrirhuguð. Reynt var fyrir nokkrum árum að efna til vorferðar en ekki fékkst þá nægjanlegur fjöldi félaga til að fara svo ekki varð af því. Nú ákvað stjórnin að farið verður í ferð á höfuðborgarsvæðinu og mun einn stjórnarmanna sjá um rútuaksturinn.

Já, verið er komið, gleðilegt sumar.
Sigurjón

HVERT SKAL STEFNA Í FRÆÐSLU OG LEIÐSÖGN UM TRÉSKURÐ?

Á opna húsinu 12. mars s.l. var m.a. pallborðsumræða. Þeir sem tóku þátt í þeirri umræðu voru Bjarni Þór Kristjánsson, Friðgeir Guðmundsson, Örn Sigurðsson og Sigurjón Gunnarsson. Umræðunni stýrði Björn Bergsson. Þeim sem sátu í sal gafst færi á að spyrja talsmenn pallborðsins eða koma með innlegg í umræðuna.

Rætt var m.a. um það hvort eðlilegt sé að hver sem er geti haldið námskeið í tréskurði, hver séu markmiðin með slíkum námskeiðum. Hvort þau ættu að vera stígbundin eins og tíðkaðist hjá Hannesi Flosasyni, fela í sér einhver grunnverkefni eins og er hátturinn hjá Friðgeir Guðmundssyni eða hvort nemendur eigi að geta ákveðið það sjálfir hvaða verk þeir glími við.

Ekki er ætlunin að endursegja umræðuna en fram kom m.a. að munurinn á leiðbeinanda og kennara í tréskurði sé að leiðbeinandi er í því hlutverki að aðstoða þann sem er að skera út en kennarinn hins vegar stýrir meira vinnulaginu hjá nemum sínum.

Þá var rætt um nauðsyn þess að votta hæfni þeirra sem sjá um námskeið í tréskurði.

Slíkt vottunarkerfi getur þó ekki komið í veg fyrir að tiltekinn aðili bjóði upp á námskeið í tréskurði.

Í umræðunni kom fram hugmynd um að FÁT kæmi sér upp fagraði sem í sætu aðilar sem væru dómbærir á hæfi þeirra sem sæktust eftir vottun frá félaginu. Gætu þá þeir aðilar sem fengju slíka vottun auglýst það eða haft það skjal uppi við á námskeiðsstað.

Þessi hugmynd verður væntanlega tekin upp á næsta aðalfundi félagsins.

Þá höfðu sumir áhyggjur af því að svona skipulegt skólahald eins og Hannes Flosason hélt uppi muni brátt heyra sögunni til því það er ekki mikil endurnýjun í hópi kennara eða leiðbeinanda í tréskurði a.m.k. eins og er.

Frá vorsýningu FÁT vorið 2010



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins

Ábm. Björn Bergsson

Vorsýning FÁT

Nú sem fyrr verður félagið með vorsýningu sem markar lok á vetrarstarfi félagsins þó vorferð sé eftir. Reynt verður að hafa þessa sýningu nokkuð veglegri vegna afmælis félagsins, það er 15 ára.

Stjórn félagsins ákvað, vegna afmælisárs, að óska eftir því að þeim sem gegnt hafa formennsku í félaginu frá upphafi verði boðið að sýna sérstaklega 3-4 verk.

Fyrsti formaður var Evert Evertsson, síðan Vilhjálmur Siggeirsson og Friðgeir Guðmundsson. Núverandi formaður, Sigurjón Gunnarsson verður einnig með í þessum hópi. Þó áhersla sé á formenn er það einlægur vilji stjórnar að allir taki þátt í sýningunni og leyfi gestum sýningarinnar að sjá eins fjölbreytt þversnið af tréskurði og kostur er.

Það hefur verið áhersla hjá félaginu að brúa kynslóðabil í tréskurði, þ.e. þeir sem eru að marka sín fyrstu spor í tré, séu jafn rétháir og þeir sem hafa skorið um margra ára skeið.

Það eru því félagarnir sjálfir sem setja svip á sýninguna og því eru þeir hvattir til að leggja sín skurðverk. "Þitt skurðverk er áhugavert" ætti að vera kjörorð sýningarinnar.

Félagsmenn eru beðnir um að skila inn skurðverkum sínum 8. apríl milli kl. 17 og 19.

Já, það er í Gerðubergi, jarðhæð (Breiðholt).

Sýningin verður síðan opnuð laugardaginn 9. apríl kl. 14 og verður til kl. 17 og sami opnunartími verður á sunnudaginn.

Á laugardaginn verður tónlistarflutningur og eru það stjórnarmenn sem sjá um það.

Óskað er eftir að sýningargripir verði merktir eins og hér er sýnt.

Heiti:

Ár:

Skurður:

Efni:

Hönnun:

Bók væntanleg um Hannes Flosason

Á opna húsinu þann 12. mars s.l. kom fram í máli Ingibjargar dóttur Hannesar að afkomendur hans hygðust standa fyrir útgáfu bókar um Hannes þar sem megináherslan yrði á þann hluta ævistarfs hans er lýtur að tréskurði og skólanum sem hann rak frá 1972 til dauðadags. Ljóst er að margir félagar innan FÁT voru á námskeiðum hjá Hannesi og Ingibjörg óskaði eftir því að einhverjir þeirra skrifuðu stuttan texta sem fæli í sér minningu frá þessum tíma. Þetta þarf ekki að vera langt og gæti þess vegna verið gamansaga eða upprifjun á vísu en Hannes átti það til að breyta í kveðskap á þessum námskeiðum.

Hægt er að senda þennan texta beint til Ingibjargar á netfangið

ingibjh@gmail.com

